

## Fundargerð 22. stjórnarfundar

### Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Miðskip, fundarherbergi 6. hæð, Orkuveitu Reykjavíkur.

Tími: 17. apríl 2015 kl. 8:30

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Gunnar Steinn Jónsson (GSJ), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG)

Forfall: Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS)

#### Dagskrá:

1. Fundargerð 21. stjórnarfundar
2. Undirbúningur málstofu um verndun náttúruverla gegn skólpmengun
3. Undirbúningur aðalfundar
4. Önnur mál

---

#### 1. Fundargerð 21. stjórnarfundar

Fundargerð 21. Stjórnarfundar VAFRÍ var samþykkt með leiðréttingum.

#### 2. Undirbúningur málstofu um verndun náttúruverla gegn skólpmengun

Dagskrá verður hliðrað um 15 mínútur vegna ávarps ráðherra. Stefnt er að því að senda út nýja dagskrá með endurnýjaðri auglýsingu í næstu viku. Fyrirlesarar (aðrir en Petter) verða beðnir um að senda inn upplýsingar um 4-6 aðal punkta og áhersluatriði fyrir fundinn svo allir séu upplýstir um efnistöð hvers annars.

Ákveðið var að í pallborði verði Petter Jenssen og leitað verði til Ólafs Haraldssonar þjóðgarðsvarðar, Ólafar Ýrr Forstjóra Ferðamálastofu og Huga Ólafssonar í umhverfisráðuneytinu. Fulltrúar í pallborði fái 2-3 mínútur hver í upphafi til þess að upplýsa um helstu áhersluatriði þeirra hagsmuna sem þeir eru fulltrúar fyrir með tilvísun til þeirra atriða sem áður hafa komið fram á fundinum.

Upptaka og bein útsending frá fundinum: Skoðað verður hægt að taka upp fyrirlestra og umræður sem stakar skrár sem síðan verður hægt að laga til og setja inn á heimasíðu félagsins fyrir þá sem vilja hlaða þeim niður til skoðunar.

Móttaka Petter Jenssen: GSJ hafi samband við Petter og bjóði að sækja hann og ef hann vill að skjótast til Þingvalla á fimmtudeginum eða um helgina. Skoðað verður að bjóða stjórn, styrktaraðilum, fyrirlesurum og panel í hádegisverð eftir málstofuna. Gæti orðið allt að 20 manns. Íþ mun skoða mögulega staði og verð.

#### **4. Undirbúningur aðalfundar**

Aðalfundur er skipulagður kl. 8:15 til 8:45 á undan málstofunni. Lagður var grunnur að dagskrá sem verður venjuleg aðalfundarstörf með 1) Skýrslu stjórnar, 2) rekstrarreikningar kynntir, 3) Kosning nýrrar stjórnar og skoðunarmanna 4) ákvörðun félagsgjalda og 5) önnur mál. Lagt verður fram óbreytt félagsgjald. Athuga þarf með skoðunarmenn. Undir önnur mál mun HOA kynna áhersluatriði næsta árs. Auglýsa þarf aðalfund með viku fyrirvara. Fundurinn verður auglýstur í tölvupósti til félagsmanna með uppfærðri auglýsingu fyrir málþingið í næstu viku.

#### **5. Önnur mál**

HOA kynnti heimsókn sína til Roslagen Campus sem hafa sérhæft sig í að kynna klósettlausnir fyrir sumarbýli í Skerjagarðinum fyrir utan Stokkhólm (<http://www.campusroslagen.se/utvecklingscentrum-vatten/>). Þau eru áhugasöm um samstarf og eru í góðu sambandi við einkafyrirtæki sem bjóða fram skólplausnir. Samstarfsflötur er á sviði þekkingar og viðhorfsmótunar sem e.t.v. væri hægt að fylgja eftir. Hugsanlegt er að hægt að sækja til Norrænu ráðherranefndarinnar um stuðning fyrir.

Rætt var um að virkja samfélagsmiðla (heimasíða/facebook/ sérstök góðgerðarsíða) betur í þágu félagsins. Ræddar voru hugmyndi rum að styrkja tengsl við systurfélög á Norðurlöndum og Petter Jenssen.

Fundi var lokið kl. 10.30

Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 28 apríl kl. 8:30 hjá OR

Fundarritari: Gunnar Steinn Jónsson